

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	4.11.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Fulltrúi UST	
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Björn Hauksson	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Jón og Árni	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið og engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Enn er verið að vinna í stöðinni en reiknað er með að hún fari í vetrarlokun mjög fljótlega, en vegna veður hefur verið hægt að halda vinnslunni lengur fram á veturinn en venja er. Reiknað er með að starta framleiðslunni aftur á vormánuðum.

Útblástursloft í skorsteini hefur verið mælt tvisvar sinnum frá síðasta eftirliti, annars vegar þann 13. nóv. 2014 var gerð mæling og voru niðurstöður hennar vel innan marka starfsleyfis, eða 6,3 mg/Nm³, en mörk starfsleyfisins eru 100 mg/Nm³. Og hins vegar mælingar ársins 2015, en þær voru framkvæmdar þann 19. okt. sl. og voru einnig innan marka starfsleyfis eða 64 mg/Nm³.

Mælingar voru einnig gerðar í olúgildru í sept. 2014 og voru gildin innan við 2 mg/L. Tæming olúgildru og mælingar ársins 2015 verða framkvæmdar á næstu vikum.

Farið var yfir skráningar vegna reksturs hreinsibúnaðar, er það fyllt út mánaðarlega og framkvæmdir skráðar, pokaskiptingar og viðhald.

Asfaltgeymir sem staðsettur er á hafnarsvæðinu á Akureyri, var botnþykktarmældur í apríl 2013 og er í góðu lagi. Huga þarf að mælingum á daggeymi fyrir asfalt sem staðsettur er við stöðina, á næsta ári. Minnt er á að þrýstiprófa þarf lagnir á 5 ára fresti, næst árið 2017.

Hávaðamælingar voru framkvæmdar þann 13. nóv. 2014 af Norsonic og voru innan viðmiðunarmarka um jafngildishljóðstig fyrir iðnaðar- og athafnarsvæði, sem er 70 db.

Rekstraraðili er ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið.

Verið er að vinna í tilfærslu á efnisplani og verður það fært lengra til vesturs, fjær árbakka Glerár. Flytja á mold að bakkanum og græða upp til að vernda svæðið en það hefur verið skilgreint sem fólkvangur. Á áætlun er einnig að planta trjám í kringum stöðina og fegra ásynð svæðisins.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 5. gr. a laga nr. 7/1999 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem kveðið er á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Gildir undanþágan þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, en þó ekki lengur en til 1. mars 2016.

Minnt var á að skila inn gögnum sem uppá vantar vegna vinnu við endurnýjun starfsleyfis.

Reykjavík, 05.11.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.